

Fjarðarheiðargöng - vegur við Egilsstaði

Skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að
breyttu Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008 – 2028

sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
og lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006

9. júlí 2020



FLJÓTS DALSHÉRAÐ

ATA

A0597-040-U01

1. Aðdragandi og forsendur

Vegagerðin undirbýr að leggja Seyðisfjarðarveg (93) í jarðgöngum undir Fjarðarheiði en um hana liggur nú fjallvegur sem lokast oft að vetrarlagi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur milli Seyðisfjarðar og annarra byggðarlaga, einkum að vetrarlagi, auka umferðaröryggi og bæta sambúð vegar og umferðar við íbúa og umhverfi.

Sveitarstjórn Fljótisdalshéraðs hefur ákveðið að hefja undirbúning aðalskipulagsbreytingar þar sem mörkuð verður stefna um staðsetningu ganganna, gangamunna og vegtengingar. Jarðgöng frá Héraði yfir á Seyðisfjörð eru í aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs en lega þeirra, áætlaður jarðgangamunni og veglínur vegtengingar Héraðsmegin er ekki í samræmi við núverandi áform Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn Fljótisdalshéraðs er jákvæð fyrir breytttri legu ganganna, að gangnamunninn verði við Dalhús í stað Miðhúsa og að Hringvegur 1 verði færður nær Eyvindará vegna umferðaröryggis og hyggst breyta aðalskipulagi til samræmis við það.

Gerð jarðganga er í samræmi við stefnu sem fram kemur í greinargerð gildandi aðalskipulags (kaflanúmer innan sviga).

(7.1.1) "Liður í því að bæta samgöngur innan fjórðungsins er gerð jarðganga enda víða um fjallvegi að fara. Austfirðingar sjá fyrir sér "samgöng", þ.e. göng sem tengja saman byggðakjarna á Austfjörðum með tengingu áfram um jarðgöng frá Seyðisfirði og yfir á Fljótisdalshérað."

(7.1.1) "Ákvarðanir varðandi framkvæmdir samgangna eru að hluta til á hendi ríkisins en í skipulagsáætlunum ber að setja fram stefnu sveitarfélaga um samgöngur og stefnumótun um samgöngur því á hendi sveitarfélaga."

2. Nánar um framkvæmdina

Vegagerðin kynnti framkvæmdir vegna Fjarðarheiðarganga og áætlað umhverfismat þeirra í drögum að tillögu að matsáætlun í lok júní 2020.¹ Samkvæmt upplýsingum úr drögum eru áætluð jarðgöng til Seyðisfjarðar 13,3 km löng og ein jarðgangaleið er til umfjöllunar með gangamunna við Dalhús. Frá áætluðum gangamunna í mynni Eyvindarárdals er stutt yfir á núverandi Hringveg, þjóðveg 1. Vegna bratta og slæmrar vetrarfærðar á þeim vegi sem liggur um Egilsstaðaháls og Hálsbrekku fyrirhugar Vegagerðin að breyta legu Hringvegarins, í tengslum við gerð ganganna og færa hann nær Eyvindará. Gera þarf nýja brú yfir Eyvindará og með færslu vegarins hefði leiðin í för með sér 4,1 km af nýjum vegum. Þessi leið hefur vinnuheitið Miðleið eða Fagradalsbrautarleið.

Jarðgöngum tilheyrir að tengja þau við vegakerfið en ekki endurbyggja meira af vegakerfinu en nauðsynlegt er. Í tengslum við framkvæmdir vegna Fjarðarheiðarganga hefur Vegagerðin hins vegar til skoðunar að færa Hringveginn út fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum. Auk Miðleiðarinnar eru þar til skoðunar tvær aðrar veglínur, Norðurleið og Suðurleið (mynd 1). Fyrir Norðurleiðina þyrfti tvær nýjar brýr á Eyvindará en fyrir Miðleiðina og Suðurleiðina þyrfti eina nýja brú yfir Eyvindará fyrir hvora leið. Nýlagning vegna er mismikil eftir kostum, 4,1 km til 8,7 km².


Vegurinn um Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða er í dag 27,3 km en með fyrirhuguðum jarðgöngum og tengingu um hringveginn í gegnum Egilsstaði yrði leiðin 20,0 km. Ef stefnt verður að

¹ Sjá vef Vegagerðarinnar, lesið 25. júní 2020; <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/fjarðarheidargong-drog-ad-tillogu-ad-matsaetlun-1>.

² Sjá greinargerð Vegagerðarinnar : Fjarðarheiðargöng. Staðsetning munna Héraðsmegin og vegir frá eþim að Egilsstöðum. Apríl 2020.

Því að færa Hringveginn út fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum verður leiðin frá Seyðisfirði að miðbæ Egilsstaða 24,7 km ef Norðurleiðin verður valin og 22,7 km ef Suðurleiðin verður valin og lengist því nokkuð við færsluna.


Í umhverfismati framkvæmdarinnar verður fjallað um greiðfærni og umferðaröryggi sem eru forsenda framkvæmdarinnar. Með göngunum munu samgöngur milli Seyðisfjarðar og Héraðs gjörbreytast, bæði að sumar- og vetrarlagi, verða öruggari og greiðari.



Mynd 1: Mögulegar leiðir á Héraði (Mannvit, júní 2020).

4. Staðhættir og skipulag

Til að keyra frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar er í dag farið um Hringveginn, þjóðveg 1, til austurs frá miðbæ Egilsstaða og áður en komið er út úr þéttbýlinu er beygt til norðurs inn á Seyðisfjarðarveg (93) (mynd 2). Ekið er eftir honum og yfir brú yfir Eyvindará og um 0,8 km norðan árinna er 90° beygja á Seyðisfjarðarvegi (93) við vegamót Borgarfjarðarvegur (94) og Seyðisfjarðarvegur þar sem stefnan er sett á Fjarðarheiði yfir til Seyðisfjarðar. Fjarðarheiði er hæsti fjallvegur landsins, um 620 m y.s. og er eftir því snjóþungur. Færð spillist auðveldlega á veturna vegna snjóalaga og brattar brekkur beggja vegna heiðarinnar valda vandræðum.




Mynd 2: Skjáskot af ja.is, leiðin frá Egilsstöðum í átt að Seyðisfirði. Seyðisfjarðarvegur (93), Borgarfjarðarvegur (94) og þjóðvegur 1.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi verður nánað fjallað um staðhætti þar sem gert er ráð fyrir gangamunna í núverandi skipulagi við Miðhús og í tillögunni, sem mun gera ráð fyrir nýrri staðsetningu gangamunna við Dalhús. Þá verður fjallað um staðhætti á þeim svæðum sem valkostir um legu Hringvegarins liggja um sem hér er gefið stutt yfirlit yfir.

Norðurleiðin liggur í nálægð við sumarbústaði, tengivirki Landsnets og þverar reiðleið ofan byggðarinnar á Egilsstöðum eins og raunar allar leiðirnar gera. Suðurleiðin liggur um skipulagt íbúðarsvæði en þar er ekki hafin uppbygging.


Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil er svæði á náttúruminjaskrá og liggja allir valkostir um veglínur um það svæði, sem og núverandi Hringvegur. Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar er yfirlit yfir helstu náttúruverðmæti á Fljótsdalshéraði. Allir valkostir liggja um svæði sem í skránni er nefnt Eyvindardalsgriðland. Gangamunninn er á svæði Miðhúsa- og Dalhúsaskógar, nánar tiltekið efst í gamla túninu á Dalhúsum þar sem enn er ekki vaxinn skógur. Miðleiðin færi um Eyvindarárgil og Norðurleiðin um svæði Miðhúsaár.

Suðurleiðin og Miðleiðin liggja um Egilsstaðaskógargriðland sem afmarkað er í náttúrumæraskránni. Það griðland nær yfir Egilsstaðaskóg í víðri merkingu og afmarkast það að norðan og austan af Eyvindará. Landslag er fjölbreytt, lágir skógi vaxnir ásar og holt og mýrarsund á milli þeirra. Svæði merkt Egilsstaðaskógur er ekki innan framkvæmdasvæðis þeirra veglína sem settar eru fram sem valkostir.




Mynd 3: Skjáskot af vefsíðu náttúrumæraskrár Fljótsdalshéraðs þar sem gangamunninn við Dalhús hefur verið merktur inn (<https://geo.alta.is/nms/> 2020). Skjáskotið er úr drögum að tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina.


Jarðgöng til Seyðisfjarðar og veltenging við Egilsstaði eru sýnd á sveitarfélagsupprætti B í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (mynd 4) og þar er jarðgangamunni sýndur við Miðhúsaá. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir breyttri legu Seyðisfjarðarvegar með nýrri tengingu við Þjóðveg 1 og má sjá þá leið á þéttbýlisupprætti fyrir Egilsstaði (mynd 5). Skipulagið gerir því í dag ráð fyrir breyttri legu Seyðisfjarðarvegar á þessum kafla, frá því sem nú er.



Mynd 4: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, hluti af sveitarfélagsuppdrætti B. Seyðisfjarðarvegur, jarðgöng og Hringvegur nr. 1 eru merkt inn á uppdráttinn.



Mynd 5: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028, þéttbýlisuppdráttur fyrir Egilsstaði m.s.br. Nýr Seyðisfjarðarvegur auðkenndur.



Mynd 6: Sveitarfélagsuppdráttur A í Aðalskipulagi Fjótshéraðs 2008-2028. Staðsetning áformaðrar breytingar er sýnd með rauðum hring.

5. Líklegar breytingar á aðalskipulaginu

Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér nýja legu Fjarðarheiðarganga og nýja staðsetningu fyrir gangamunnann Héraðsmegin við Dalhús. Í tillögunni verður sett stefna um hvernig göngin verða tengd við Hringveginn og verður umhverfismat áætlað vegna breytingarinnar og gögn úr ferli umhverfismats framkvæmdarinnar nýtt til að taka ákvörðun um hvernig sú tenging verður útfærð á skipulagi.

6. Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni

Ekkert deiliskipulag er í gildi í nálægð við gangamunnann. Valkostir um vegtengingar í og við Egilsstaði fara um svæði þar sem er í gildi deiliskipulag, á Suðurleiðinni fer í gegn um svæðið þar sem er deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði, Miðleiðin fer um núverandi veg í gegn um Egilsstaði þar sem eru samþykktar deiliskipulagsáætlanir en þar sem Norðurleiðin liggur er ekkert deiliskipulag í gildi.

Deiliskipulag vegna vinnubúða, efnistöku- og/eða efnislosunarsvæða, athafnasvæða og verkstæða við gangamunnann verður unnið þegar hönnun er lengra komin, og aðalskipulagsbreyting ef við á.

Engin verndarákvæði eiga við um svæðið, hvorki vegna náttúru- né menningarminja en skrá skal minjar á framkvæmdasvæðum sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engin ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd eiga við nema hugsanlega vegna skóga en mat á því hvaða skógar teljast "sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar" hefur ekki farið fram. Skógar á umræddum svæðum eru fremur ungir.

Í C-hluta náttúruminjaskrár er listi yfir aðrar náttúruminjar þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerð og vistkerfi sem rétt þykir að vernda en hafa ekki verið vernduð. Gangamunni við Dalhús og vegtengingar eru innan svæðis nr. 611 á C-hluta náttúruminjaskrár; Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil.

Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.

Valkostur um vegtengingu skv. norðurleið fer á innan við 100 m kafla næst Hringveginum (1) við Egilsstaðaflugvöll inn á svæði nr. 647 á C-hluta náttúruminjaskrár; Finnsstaðanes og Egilsstaðanes.

(1) Að vestan afmarkast svæðið af vesturbakka Lagarfljóts og síðan þvert yfir í ós á Finnsstaðakíl. Mörkin fylgja þar næst brekkurótum og túnjaðri neðan Finnsstaðabæja að suðurenda nýs farvegjar Eyvindarár og þaðan með austur- og norðurbakka hans að flugvelli. Þaðan fylgja mörkin vestara öryggissvæði flugvallar að þjóðvegi sem afmarkar svæðið að sunnan. (2) Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurrikum hólum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um byggð í dreifbýli. Við skipulagsgerð sveitarfélaga er í umfjöllun um markmið um heilnæmt umhverfi og verndun sagt frá því að við skipulagsákvæðanir í dreifbýli þurfi að gæta þess að ekki sé að óþörfu gengið á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Þá er í umfjöllun um markmið um sjálfbærar samgöngur ákvæði um að "skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi." Í umfjöllun um markmið um sjálfbærar samgöngur er fjallað um að "við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund". Jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Héraðs eru vel til þess fallin að styðja við ofangreind markmið en við ákvörðun um færslu hringvegarins við Egilsstaði þarf að skoða kosti m.a. vegna áhrifa á landbúnað og náttúruvernd, auk áhrifa á byggðina á Egilsstöðum.

Ný heildarstefna í samgöngumálum til 15 ára var samþykkt á Alþingi í febrúar 2019. Annars vegar er þetta stefnumarkandi samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og hins vegar aðgerðaáætlun fyrir fyrsta tímabilið, 2019–2023. Við gerð samgönguáætlunar er unnið í takt við fimm meginmarkmið að samgöngur séu öruggar, greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Fyrir 13,5 km Fjarðarheiðargöng eru 1.900 milljónir á áætlun á 2. tímabili frá 2024–2028 og 17.500 milljónir á 3 tímabili frá 2029–2033. Því sem eftir stendur vegna fjármögnunar ganganna er vísað á tímabilið eftir 2033. Engar fjárveitingar eru á samgönguáætlun tengdar færslu hringvegarins.

7. Umhverfisskýrsla

6.1 Matsskylda

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt lögnum skal vinna umhverfismat fyrir áætlun ef hún markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Í þessu tilfalli eru það eftirfarandi stafliður í 1. viðauka sem kallar á mat á umhverfisáhrifum:

10.08. Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd.

6.2 Nálgun við matsvinnu

Matið fer fram samhliða mótun tillögu um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Aðferðafræði við umhverfismat áætlana fer eftir alþjóðlega viðurkenndum forskriftum. Skoða ber hvaða valkostir eru fyrir hendi til að ná þeim markmiðum sem stjórnvaldið hefur sett sér og síðan bera þá saman, þ.m.t. við þann kost að aðhafast ekkert og búa við óbreytt ástand. Gera þarf grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem búast má við að framkvæmdir skv. áætluninni hafi veruleg áhrif á og vísa til viðmiða um það hvað telja megi verulegt. Umhverfismatið, ásamt niðurstöðu, verður sett fram í umhverfisskýrslu sem verður hluti af greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

6.3 Umhverfis- og áhrifapættir og viðmið

Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru jarðgangagerð, vegagerð, efnistaka, efnislosun, vinnubúðir og brúarvinna. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar. Umhverfisþættirnir eru valdir í samræmi við eðli áætlunarinnar, leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og litið er til fyrirmynda í umhverfisskýrslu aðalskipulags Fljótsdalshéraðs, drögum að matsáætlun fyrir Fjarðarheiðargöng og í fleiri áætlunum. Yfirlit yfir umhverfis- og áhrifapætti og helstu viðmið er í töflu 6.1. Tilgreindar eru matsspurningar fyrir hvern umhverfisþátt og þau viðmið sem lögð verða til grundvallar við mat á vægi umhverfisáhrifa (tafla 6.2.).

Tafla 6.1 Yfirlit yfir umhverfis- og áhrifapætti og helstu viðmið til grundvallar matinu

Umhverfisþáttur og áhrifapættir	Matsspurningar	Viðmið
1. Náttúra		
1.1 Vistkerfi Að taka landssvæði undir vegi kann að hafa bein eða óbein áhrif á vistkerfi þar með talið gróðurfar og dýralíf. Vegagerð kann að hafa bein áhrif á birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar ef þeir teljast sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar.	Hafa breytingarnar áhrif á vistkerfi/líffræðilega fjölbreytni ?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019 Listi yfir friðlýstar plöntur Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir dýr og plöntur Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013 Ramsar samningurinn um verndun votlendis Samningur um líffræðilega fjölbreytni Heimsmarkmið 15.1, 15.5, 15.9 og 15a.
1.2 Verndarsvæði Að taka landssvæði undir vegi kann að hafa bein eða óbein áhrif á verndarsvæði.	Hafa breytingarnar áhrif á verndarsvæði ?	Náttúruverndarákvæði Vatnsverndarákvæði Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

<p>1.3 Vatn Vegagerð og brúargerð getur haft áhrif á straumvötn.</p>	<p>Hafa breytingarnar áhrif á straumvötn eða vatnsverndarsvæði?</p>	<p>Lög nr. 36 um stjórn vatnamála Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Reglugerð nr. 533/2001 um breytingar á reglugerð nr. 796/1991 um varnir gegn mengun vatns. Heimsmarkmið 15.1</p>
<p>2. Loft</p>		
<p>2.1 Losun gróðurhúsalofttegunda Breytingin kann að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.</p>	<p>Hefur stefnan þau áhrif að það dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda? Stuðlar stefnan að minni notkun jarðefnaeldsneytis?</p>	<p>Samgönguáætlun 2019-2033 Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum</p>
<p>3. SAMFÉLAG</p>		
<p>3.1 Samgöngur Nýlagning vega og jarðganga hefur áhrif á akstursvegalengdir, ferðatíma, vetrarþjónustu og nálægð við flugvöll.</p>	<p>Styðja breytingarnar við markmið um greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur?</p>	<p>Samgönguáætlun 2019-2033 Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028</p>
<p>3.2 Heilsa og öryggi Áhrif á heilsu geta orðið vegna loft- og hljóðmengunar frá umferð. Breyting á umferðarleiðum getur haft áhrif á umferðaröryggi.</p>	<p>Hvaða áhrif hafa breytingarnar á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi?</p>	<p>Samgönguáætlun 2019-2033 Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Umferðaröryggisáætlun Heimsmarkmið 3.6 Heimsmarkmið 11.6</p>
<p>3.3 Menningarminjar Nýlagning vega, gerð jarðganga og aðrar framkvæmdir á landi geta haft áhrif á menningarminjar.</p>	<p>Hvaða áhrif hafa breytingarnar á menningarminjar?</p>	<p>Lög um menningarminjar nr. 80/2012</p>
<p>3.4 Byggð Bættar samgöngur milli Héraðs og Seyðisfjarðar geta haft áhrif á byggð, þjónustu og atvinnusvæði.</p>	<p>Styðja breytingarnar við markmið um jákvæða byggðáþróun? Styður stefnan við gott framboð af nærþjónustu? Stuðlar stefnan að styttri ferðatíma við daglegar athafnir?</p>	<p>Samgönguáætlun 2019-2033 Byggðáætlun 2014-2017 Sóknaráætlun austurlands 2020-2024 Heimsmarkmið 9.1, 11a,</p>
<p>4. Auðlindir</p>		
<p>4.1 Landnotkun Nýlagning vega og gerð jarðganga hefur bein áhrif á landrými, landnotkun og innviði s.s. landbúnað, frístundabyggð og veitumannvirki. Færsla þjóðvegur út fyrir miðbæ Egilsstaða getur haft áhrif á þróun byggðar.</p>	<p>Hvaða áhrif hafa breytingarnar á landrými, landnotkun og innviði?</p>	<p>Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028 Landsskipulagsstefna 2015-2026 Skógræktarlög nr. 33/2019</p>
<p>4.2 Útivist og ferðamennska Nýlagning vega og gerð jarðganga kann að hafa áhrif á útivistarsvæði, aðgengi að útivistarsvæðum og áhugaverðum svæðum</p>	<p>Hvaða áhrif hafa breytingarnar á útivistarsvæði, áhugaverð svæði og aðgengi að þeim?</p>	<p>Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2020 Vegvísir í ferðþjónustu 2015-2020 Ferðamálaáætlun 2011-2020 Ferðamálastofa, kortlagning auðlinda</p>

4.3 Landslag/ásýnd Breyting verður á ásýnd landsins.	Hvaða áhrif hafa breytingarnar á landslag og ásýnd ?	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 61. gr. laga um náttúruvernd. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
--	--	--

Tafla 6.1 Yfirlit yfir umhverfis- og áhrifaþætti og helstu viðmið til grundvallar matinu

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

6.2 Umfjöllun um valkosti

Við mat á umhverfisáhrifum breytingar á aðalskipulagi verður gerður samanburður við núllkost, en í því felst að meta áhrif þess að fara ekki í þær framkvæmdir sem breytingin felur í sér. Núllkosturinn felur í sér að engin jarðgöng verði gerð og tengingin milli Héraðs og Seyðisfjarðar verði áfram yfir Fjarðarheiði um fjallveg. Á núgildandi skipulagi eru jarðgögn með gangamunna við Miðhús í Miðhúsaskógi en í drögum að tillögu að matsáætlun sem Vegagerðin hefur lagt fram er gangamunni jarðganganna við Dalhús. Í ljósi þessa verður umfjöllun um eftirfarandi kosti um legu jarðganga og staðsetningu gangamunna í umhverfisskýrslu.

GD Jarðgöng með gangamunna við Dalhús

FH Engin jarðgöng en vegur áfram um Fjarðarheiði.

0 Núllkostur, núgildandi skipulag. Jarðgöng með gangamunna við Miðhús

Bæjarstjórn hefur fallist á rök Vegagerðarinnar fyrir færslu gangamunnans að Dalhúsum og verður gerð grein fyrir röksemdum fyrir þeirri breytingu í umfjöllun um kosti GD og GM. Valkostir um veltengingar við gangamunnann við kost GM. Í umhverfisskýrslu verða til skoðunar þær þrjú veglínur sem Vegagerðin leggur fram um færslu Hringvegarins (sjá mynd 1); Norðurleið, Suðurleið og Miðleið, með og án færslu nær Eyvindará. Bæjarstjórn hefur enn ekki tekið afstöðu til kostanna en tillaga að breytingu á aðalskipulagi mun endurspeglar niðurstöðu bæjarstjórnar í umhverfismati áætlana.

N Norðurleið með færslu þjóðveg 1 norður fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum og tenging við þjóðveginn rétt sunnan við flugvöllinn.

S Suðurleið með færslu þjóðveg 1 suður fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum og tenging við þjóðveginn þar, sem liggur svo áfram með Lagarfljóti.

M/F Miðleið eða Fagradalsleið með tengingu vegar frá gangamunnum

M/F1 Miðleið með tengingu við Hringveginn í núverandi legu

M/F2 Miðleið með tengingu við Hringveginn nálægt núverandi legu en með færslu nær Eyvindará

Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum í júlí 2020 og send Skipulagsstofnun til umsagnar. Aðrir umsagnaraðilar eru:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Hafrannsóknastofnun

Ábendingar sem berast við kynningu lýsingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi en verður ekki svarað með formlegum hætti. Kynningartími lýsingar hefur oft verið miðaður við 2 vikur en þar sem þessi kynning er að sumri til er hann hafður lengri. Tillaga verður kynnt á vinnslustigi í september 2020, og gefst þá aftur kostur á að koma á framfæri ábendingum. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillagan fullunnin og lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðum um auglýsingu hennar.

Tillagan verður síðan auglýst í víðlesnu dagblaði, héraðsblaði og á vef sveitarfélagsins (www.fljotsdalsherad.is) og mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í nóvember eða desember 2019.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.